



9. mars 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-57/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Drög að frumvarpi til laga um fjárhagslegar viðmiðanir

Frumvarp þetta lýtur að innleiðingu EES-reglugerðar um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða. Þar sem reglugerðina verður að taka upp í heild sinni gera Hagsmunasamtök heimilanna ekki athugasemd við það en hvetja þó til þess að meginefni hennar verði kynnt betur opinberlega.

Þýðing slíkra reglna snertir einkum málefnasvið samtakanna vegna lánsamninga neytenda þar sem vextir og verðtrygging eða önnur viðmið tengjast slíkum vísitölum. Að mati samtakanna er jákvætt að innleiða reglur um slík viðmið sem eiga að stuðla að áreiðanleika þeirra. Söguleg fordæmi um brögð í tafla við ákvörðun slíkra viðmiða styðja jafnframt að þörf sé fyrir reglur á þessu sviði.

Með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að í upplýsingum um neytendalán og fasteignalán til neytenda sem nota slíkar fjárhagslegar viðmiðanir skuli koma fram heiti viðmiðunar og stjórnanda hennar, ásamt mögulegum áhrifum eða þýðingu hennar fyrir neytanda. Mismunur er á orðalagi 12. gr. um annars vegar neytendalán og hins vegar fasteignalán til neytenda, þrátt fyrir að virðast eiga að hafa sömu merkingu, en betur færi á því að samræma það orðalag.

Þessar umræddu upplýsingar er lagt til að verði veittar fyrir lántöku, en að mati samtakanna er ekki síður þörf á að þær komi einnig fram í þeim lánsamningum sem neytendur undirgangast samkvæmt viðkomandi lögum. Reynsla samtakanna hefur sýnt að aukagögn hafa meiri tilhneigingu til að glatast með tímanum en sjálfir samningarnir. Það myndi því stuðla að betra réttaröryggi allra hlutaðeigandi ef þessi atriði yrðu skráð í slíka samninga. Þetta væri auðvelt að útfæra með því að bæta liðum þess efnis við ákvæði 12. gr. frumvarpsins.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is